

Ed.

1179. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um útgáfu lagasafns.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Hvernig stendur á því, að enn hefur eigi verið prentuð ný útgáfa lagasafnsins?

Greinargerð.

Í lögum um laganevnd, nr. 48 1929, sem Jónas Jónsson á sínum tíma beitti sér fyrir, að sett væru, segir í 3. gr., að laganevnd skuli gefa út safn af gildandi lögum landsins í útgáfu, sem handhæg sé fyrir almenning. Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

Lögin um laganevnd hafa að visu aldrei komið til framkvæmda skv. aðal-efni sínu, þótt enn þá séu þau í gildi. En í laganevndarinnar stað var prófessor Ólafi Lárussyni falið að sjá um útgáfu lagasafnsins, og kom það út seint á árinu 1932. Safn þetta var á sínum tíma hin nýtsamasta bók, enda var útgáfunni hið bezta háttað.

En fyrir löngu er orðin ljós þörf á nýrri útgáfu safnsins. Alþingi 1937 samþykkti þess vegna að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að hið allra fyrsta kæmi ný útgáfa af safninu. Ályktun þessi var endurnýjuð með samþykkt Alþingis 1941. Og enn samþykkti efri deild Alþingis 1942, að áherzla skyldi lögð á, að safnið yrði gefið út svo fljótt sem unnt væri. Í greinargerð þessarar tillögu, sem flutt var af Jónasi Jónssyni, er sagt, að þremur lögfræðingum hafi verið falið að sjá um útgáfuna, en þeir hafi ekki byrjað á verkinu. Þess vegna er lagt til, að forstaða útgáfunnar verið falin einum manni.

Nú er fullyrt, að prófessor Ólafur Lárusson hafi síðan tvisvar haft tilbúið handrit lagasafnsins, en það hafi í hvorugt sinnið fengizt prentað. Er ótrúlegt annað en þeim örðugleikum megi ryðja úr vegi, ef ríkisstjórnin sækir það nógu fast. Virðist sannast sagt svo sem fátt þarflegra muni prentað um skeið en lagasafnið, sem bæði lögfræðingum og öllum almenningi er brýn nauðsyn á að fá út gefið. Er þess því vænt, að hæstv. ríkisstjórn upplýsi, hvernig stendur á þessum drætti á prentun safnsins, svo að Alþingi gefist færi á að láta málið til sín taka, ef þörf reynist.